



**FUNDARGERÐ**  
**40. fundur Odda bs**  
**haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 8. september 2025**  
**og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Björk Grétarsdóttir, Ísleifur Jónasson og Jón G. Valgeirsson.

**Fundargerð ritaði:** Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

**Dagskrá:**

**1. Fjárhagsáætlun Odda bs. 2025. Viðaukar - 2508021**

Viðauki 1 við fjárhagsáætlun Odda bs. 2025.

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fór yfir tillögu að viðauka 1 fyrir Odda bs.

Lagður fram viðauki 1 við rekstraráætlun Odda bs 2025. Greinargerð fylgir viðaukanum.

Viðaukinn gerir ráð fyrir auknum rekstarkostnaði að fjárhæð kr. 82.809.269 sem stafar af áhrifum kjarasamninga við kennara (56 millj.), kjarasamningsbundnum hækkun vegna aksturs starfsmanna og veikindaförföllum. Óskað er eftir að viðaukanum verði mætt með hækkun á framlögum sveitarfélaganna frá Ásahreppi kr. 9.111.485 kr. og Rangárþingi ytra kr. 73.696.784

Stjórn Odda samþykkir viðaukann fyrir sitt leyti og visar honum til sveitarfélaganna til endanlegrar afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða.

**2. Fjárhagsáætlun Odda bs. 2026 - 2509006**

Klara Viðarsdóttir, fjármálastjóri, fór yfir undirbúning fjárhagsáætlunar Odda bs. fyrir árið 2026. Lagt var fram vinnuáætlun varðandi fjárhagsáætlunargerðina.

**3. Skólastjórar Odda bs. Stöðuyfirlit 2025. - 2501053**

Á fundinn mæta Kristín Sigfúsdóttir skólastjóri grunnskólans á Hellu og Jónas Bergmann Magnússon skólastjóri grunnskólans á Laugalandi og fara yfir stöðu mála í sínum skólum.

Stjórn þakkar skólastjórunum fyrir upplýsingarnar.

**4. Íslenska æskulýðsrannsóknin 2025 - 2501022**

200

Á fundinn mætir Halldóra G. Helgadóttir teymisstjóri Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellsýslum og fer yfir niðurstöðu Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar í grunnskólum Odda bs.

Stjórn þakkar Halldóru fyrir upplýsingarnar. Lagt til að málið verði kynnt frekar á haustfundi Odda bs.

**5. Haustfundur Odda bs. 2025 - 2509007**

Stjórn samþykkir að haustfundur Odda bs. verði haldinn mánudaginn 6. október kl. 16:00 í fundarsalnum Laugum í Miðjunni á Hellu.

**6. Fyrirspurn um tímabundna leikskóladvöl - 2508078**

Lögð fram fyrirspurn Heklu Hermannsdóttur um möguleika þess að fá tímabundna leikskóladvöl í leikskólanum á Laugalandi í tvær vikur í október en barnið býr erlendis.

Stjórn bendir á að til að taka inn barn sem ekki hefur lögheimili þurfi að greiða skv. viðmiðunargjaldrá Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ef samið er um greiðslur og leikskólinn getur tekið á móti barninu þá gerir stjórn ekki athugasemdir við það.

Samþykkt samhljóða.

**7. Leikskóladvöl fyrir barn utan sveitarfélags - 2509018**

Lögð fram fyrirspurn Alexöndru Ýr Baldursdóttur um möguleika þess að fá leikskóladvöl í leikskólanum á Laugalandi fyrir barn sitt en barnið er enn ekki með lögheimili á starfssvæði Odda

Stjórn bendir á að til að taka inn barn sem ekki hefur lögheimili í sveitarfélögunum þurfi að greiða skv. viðmiðunargjaldrá Sambands íslenskra sveitarfélaga og getur stjórn Odda bs. ekki orðið við beiðninni.

Samþykkt samhljóða.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15.**

  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

  
Eggert Valur Guðmundsson

  
Björk Grétarsdóttir

  
Ísleifur Jónasson

